

Fundargerð aðalfundar 2024

Golfklúbburinn Flúðir

Haldinn föstudaginn 2. febrúar 2024 í golfskálanum við Selsvöll og í gegnum streymi.

Formaður GF, Árni Tómasson, setur fund kl. 20:00 og leggur til að Herdís Sveinsdóttir verði fundarstjóri.

Fundarstjóri tekur við stjórn fundarins og gerði að tillögu sinni að Björn Hermannsson verði ritari fundarins og var það samþykkt samhljóða.

Fundarstjóri fer yfir lögmati fundarins og greindi frá því að til fundarins hafi verið boðað með tveimur fréttabréfum, 19. janúar og 27. janúar sl, sem send voru öllum félagsmönnum. Fundarstjóri lýsir fundinn lögmatan með vísan til 8. gr. laga GF. Gengið til dagskrár skv. 9. grein laga GF.

Fundarstjóri upplýsir að fundinum sé streymt og jafnframt að fólk geti sent inn skriflegar fyrirspurnir, en að ekki er hægt að greiða atkvæði í gegnum streymið. Á fundinn voru mættir 47 fundarmenn og 10 í netstreymi.

Að þessu loknu var gengið var til dagskrár samkvæmt 9. gr. laga GF

1. Skýrsla stjórnar

Árni Tómasson, formaður GF, flutti skýrslu stjórnar. Skýrslur annarra nefnda eru felldar inn í ársskýrsluna. *Skýrsla stjórnar er í viðauka við fundargerðina.*

Fundarstjóri opnaði fyrir umræðu um skýrslu stjórnar en engin tók til mál. Skýrsla stjórnar var samþykkt einróma.

2. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram til samþykktar.

Eintök af samstæðuársreikningi GF 2023 lágu frammi á fundinum.

Hafdís Ævarsdóttir, gjaldkeri GF, fór yfir samstæðureikning Golfklúbbs Flúða og Kaffi-Sels ehf. fyrir árið 2023, en Kaffi-Sel ehf. er að fullu í eigu GF. Fram kom að hagnaður af rekstri 2023 varð 10,7 milljónir og að eigið fé í árslok nam 37,3 milljónum.

Opnað var fyrir umræðu og fyrirspurnir um ársreikninginn. Engin umræða né athugasemdir voru gerðar við ársreikninginn.

Ársreikningur var borin upp til samþykktar fundarins og var hann samþykktur samhljóða. Ársreikningarnir verða þeir settir inn á heimasíðu GF.

3. Lagabreytingar (tillögur skulu berast a.m.k. 10 dögum fyrir aðalfund skv. 15. gr. laga GF).

Engar tillögur til lagabreytinga bárust.

4. Kosningar, skv. 10. gr.

Á síðasta starfsári sátu eftirtalin í stjórn GF: Árni Tómasson formaður, Ásgeir H. Þorvarðarson varaformaður, Hafdís Ævarsdóttir gjaldkeri, Unnsteinn Eggertsson ritari og Katrín Ólöf Ástvaldsdóttir meðstjórnandi. Varamenn voru Stefán D. Franklín og Magdalena Sírý Þórisdóttir.

Kjörnefnd auglýsti eftir framboðum 6. janúar 2024 og birti í framhaldi tillögur sínar í fréttabréfi GF 27. janúar 2024 í samræmi við ákvæði 10. gr. laga. Unnsteinn Eggertsson stjórnarmaður óskaði eftir að vera ekki í kjöri og sama gildir um Magdalenu Sírý Þórisdóttur varamann, en í þeirra stað hefur kjörnefnd tilnefnt tvo aðra félagsmenn. Engin önnur framboð hafa borist fundinum og eru því tillögur kjörnefndar eftirfarandi:

Formaður. Árni Tómasson

Stjórnarmenn: Á síðasta ári voru Katrín Ólöf Ástvaldsdóttir og Hafdís Ævarsdóttir kosnar í stjórn til tveggja næstu ára. Fyrir liggur tillaga um að kjósa í stjórn GF til næstu tveggja ára þá Ásgeir H. Þorvarðarson og Svein Sæland.

Varamenn í stjórn: Fyrir liggur tillaga um að kjósa Stefán D. Franklín og Jón Björn Sigtryggsson sem varamenn í stjórn GF.

Skoðunarmenn: Fyrir liggur tillaga um að kjósa Magnús Halldórsson og Pétur Oddsson sem skoðunarmenn GF

Þar sem engar aðrar tillögur liggja frammi eru framangreindir einstaklingar rétt kjörnir.

Þá liggur fyrir fundinum tillaga um kosningu í Kjörnefnd til eins árs:

Kjörnefnd: Fyrir liggur tillaga um að kjósa Eggert Á. Sverrisson, Sigurð Oddsson og Jórundi Lilju Andrésdóttur í kjörnefnd til eins árs.

Þar sem engar aðrar tillögur liggja frammi eru framangreindir einstaklingar rétt kjörnir.

5. Ákvörðun félagsgjalda, fjárhagsáætlun næsta árs kynnt.

Hafdís Ævarsdóttir, gjaldkeri GF, fór yfir tillögu að félagsgjöldum næsta árs:

Tillaga að félagsgjöld GF 2024			
Félagsgjöld:	2023	2024	Hækkun
Hjónagjald	150.000	175.000	16,67%
Einstaklingsgjald	87.000	96.000	10,34%
Einstaklingsgjald 80 ára og eldri	43.500	48.000	10,34%
Ungmenni 16 - 25 ára	43.500	48.000	10,34%
Börn 0 -15 ára	11.000	12.000	9,09%
Heiðursfélagar	0	0	
Afsláttur til hluthafa í Golf-Sel ehf.	5.000	6.000	20,00%
Gjalddagi félagsgjalda verður 5. mars og eindagi 20. mars 2024			

Fundarstjóri opnaði fyrir umræður og fyrirspurnir um félagsgjöld 2024. Enginn tók til máls. Félagsgjöld voru borin upp til atkvæða og voru samþykkt samhljóða.

Hafdís Ævarsdóttir, gjaldkeri GF, kynnti drög að rekstraráætlun GF fyrir árið 2024, sem byggð er á áður samþykktum félagsgjöldum. Þar kemur fram að gert er ráð fyrir 4,5 milljóna hagnaði, að fjárfestingar nemi um 11 milljónum og að skuldir verði greiddar niður um 4 milljónir.

6. Önnur mál.

Daníel Apeland vallarstjóri tók til máls og ræddi helstu verkefni framundan og lýsti stórhuga verkefnum til lengri og skemmri tíma við uppbyggingu golfvallarins. Búið er að ganga frá ráðningum starfsmanna fyrir sumarið þar af verður 1 starfsmaður af 7 í fullu starfi.

Árni Tómasson, nýendurkjörinn formaður, tók til máls og þakkaði fyrir sig og sína stjórn. Þakkir færði hann til þeirra fjölmörgu sjálfboðaliða sem unnið hafa fyrir klúbbinn á árinu sem og félagsmönnum öðrum fyrir stuðninginn. Árni færði Unnsteini Eggertssyni sérstakar þakkir fyrir samfellt 20 ára starf í stjórn klúbbsins.

Fundarstjóri óskaði eftir heimild fundar til að fundarstjóri og ritari gengju frá fundargerð. Það var samþykkt og var fundi slitið kl. 21.10.

Björn Hermannsson, fundarritari

Skýrsla stjórnar GF árið 2023

Ágætu félagar í Golfklúbbum Flúðir.

Ég vil í upphafi minnst féлага úr GF sem létust á árinu. Þau eru Ingibjörg Fríða Hafsteinsdóttir, sem lést á tíræðisaldri í maí, Sveinn Ingibergsson sem lést í október rétt tæplega áttræður, Fríður Sigurðardóttir sem lést í maí einungis tæplega sjötug að aldri og Guðjón Einarssonar frá Grindavík sem lést í febrúar á 76. aldursári. Bið ég fundarmenn að rísa úr sætum og votta hinum látnu virðingu sína.

Ég mun hér á eftir flytja ykkur skýrslu um starfsemi klúbbsins á árinu 2023 og fella inn í skýrslu stjórnar skýrslur nefnda líkt og gert var í fyrra.

Alls voru **skráðir sem félagar** í GF 293 í lok árs 2023 (269 árið á undan) og hafði því fjölgað um 24 eða 9% frá árinu 2022. Milli áráanna 2020-2021 varð mikil aukning, sem gekk til baka 2021-2022 og nú fjölga aftur. Skipting milli kynja er 42,3% konur og 57,7% karlar. Þá virðist heldur vera að yngjast í klúbbum, því nú eru um 74% félagsmanna 60 ára og eldri, en voru 79% í fyrra. Félagar yngri en 40 ára eru 24 og félagar eldri en 80 ára eru 12. Loks er þess að geta að 194 félagar eru með GF sem aðalklúbb, en 99 meðlimir með annan klúbb sem aðalklúbb.

Ef við lítum á **umferð um völinn** voru spilaðir alls 12.295 hringir á árinu samanborið við 11.853 hringi á árinu 2022. Aukningin milli 2023 og 2022 er um 3,7%. Félagar í GF spiluðu svipað milli ára en spilun gesta jókst. Afleit tíð í maí og júní leiddi til mikils samdráttar í spili milli ára en það sem eftir lifði golfsumarsins varð veruleg aukning.

Veitingasalan. Eftir að fyrri rekstraraðilar tilkynntu óvænt í upphafi árs að þeir yrðu ekki annað ár með reksturinn, var nýr aðili fenginn að verkefninu. Ekki gekk sá rekstur sem skyldi og þurfti klúbburinn að taka yfir reksturinn í lok maí, eftir að einsýnt var að fyrri rekstraraðili réð ekki við verkefnið. Tókst með mikilli sjálfboðavinnu undir stjórn þeirra Halldóru Halldórsdóttur og Unnsteins Eggertssonar að koma rekstrinum aftur á réttan kjöl og var almenn ánægja með veitingarnar, þó vöruframboð væri einfaldara en áður. Reksturinn í heild á árinu var í járnum, sem skýrist af umtalsverðum kostnaði við þessa yfirtöku. Í árslok var gengið frá samningi við nýjan rekstraraðila og erum við bjartsýn á reksturinn framundan.

Hótelreitur. Undir stjórn Valdimars Harðarsonar arkitekts var unnið skipulega að undirbúningi og hönnun hótels, sem félli vel að umhverfi og starfsemi golfklúbbsins. Haldinn var kynningarfundur í byrjun september og í framhaldi unnar fullbúnar skipulagstillögur. Haldinn verður fundur með sveitarstjórn í febrúar 2024 og tillagan send í formlegt skipulagsferli í framhaldinu. Vonir standa til að því ferli ljúki á miðju ári 2024 og verður þá unnt að hefja kynningu á verkefninu fyrir fjárfestum. Aðkeypt vinna vegna þessa verkefnis 3,3 mkr. hefur

verið eignfærð, en Valdimar hefur gefið sína vinnu. Aðrir í undirbúningsnefnd eru Gunnar Einarsson, Grímur Sæmundsen og Árni Tómasson.

Skipti á landi við Hrunamannahrepp. Eins og fram kom á síðasta aðalfundi tókust samningar um skipti á landi milli GF og Hrunamannahrepps, þar sem nýjar brautir 15, 16 og 17 koma, en í staðinn látum við af hendi hluta 16 og 17 brauta. Lóðirnar voru mældar nákvæmlega og útbúnir tveir nýir landskikar, sem settir voru inn í landskerfið. Áður en það var unnt þurfti að sameina Selsvöll sem GF keypti í fyrra og 5 viðbótarlóðir í eina lóð, gera þurfti kaupsamninga, fá þá þinglýsta og að lokum setja þá inn í landskerfi mælinga. Þegar þetta er ritað er öllum þessum formsatriðum lokið og þá á eftir að undirrita lóðaskiptasamning og í framhaldi af því að sameina nýju lóðina sem við fáum við golfvallarlóðina, þannig að þetta myndi eina heild. Geri ég mér vonir um að þessu ferli ljúki á miðju ári 2024. Vonandi skýrir þetta hvers vegna málinu hefur ekki undið hraðar fram.

Nýr heildarsamningur við Hrunamannahrepp. Á árinu var gerður nýr samstarfssamningur við Hrunamannahrepp. Hreppurinn styrkir GF árlega um 400.000 og er heimilt að styrkja til viðbótar um allt að 150.000 ef GF heldur Íslandsmót. Fasteignagjöld lækka um 40% sem er sá hluti sem telst íþróttamannvirki, en við greiðum áfram af veitingastarfseminni. Einnig gerði Hrunamannahreppur verksamning við GF um slátt og umhirðu á knattspyrnuvelli sem færir GF talsverðar tekjur og fellur vel að annarri starfsemi klúbbsins. Á móti tekur GF að sér ýmsar skyldur m.a. að aðstoða hreppinn við námskeiðahald. Vil ég fyrir hönd GF færa forsvarsfólki Hrunamannahrepps bestu þakkir fyrir gott samstarf á árinu.

Nýliðakynning, hreppsnefnd. Í maí mánuði var haldinn kynningardagur, þar sem nýliðum var boðin ókeypis kennsla og sveitarstjórnarmönnum var boðið. Tókst þetta vel til, þó við hefðum kosið að sjá fleiri mæta.

Nýr framkvæmdastjóri. Í haust var gerður samningur við Björn Hermannsson um að taka að sér framkvæmdastjórastarf fyrir GF, en alls kyns umsýsla er orðin of mikil til að unnt sé að ætlast til að sjálfboðaliðar vinni endalaus launalaus störf. Um er að ræða hálf stöðugildi frá mars til september, en álag er mismunandi milli tímabila. Bjóðum við Björn velkominn til starfa.

Gjafir og sjálfboðaliðastörf. Við erum svo lánsöm í GF að eiga stóran hóp velunnara. Til viðbótar við gríðarleg sjálfboðaliðastörf hjá mörgum aðilum sem m.a. verður gerð nánari grein fyrir hér á eftir höfum við þegið margvíslegar gjafir á árinu. Má þar nefna nýja stóra flaggstöng sem stendur fyrir utan klúbbhúsið, golfbíll sem kemur í safn 4-5 annarra golfbíla og síðast en ekki síst 4,5 milljóna gjafaframlag frá 16 einstaklingum, sem nýttu sér ákvæði skattalaga sem gilda um Almannaheillafélög. Nýttum við þessa síðastnefndu gjöf til að greiða niður skuldir GF.

Fjárhagur klúbbsins er traustur í árslok 2023, vaxtaberandi skuldir -aðrar en við Golf-Sel ehf.- eru nánast engar og rekstur skilar tekjuafgangi, sem gerir okkur kleift að styðja nauðsynlegar fjárfestingar. Vitaskuld byggist starfsemin mikið á sjálfboðavinnu eins og nánar verður gerð

grein fyrir hér á eftir. Hafdís Ævarsdóttir, gjaldkeri GF, mun hér á eftir fara yfir og skýra ársreikning klúbbsins, en hún hefur unnið ómetanleg störf fyrir klúbbinn.

En víkjum nú að starfi einstakra nefnda:

Vallarnefnd og húsanefnd.

Vallar- og húsanefnd skipuðu Guðmundur Konráðsson formaður, Sigurjón Harðarson, Jónas Ragnarsson, Lárus Óskarsson, Sævar Stefánsson, Albert Einarsson, Eygló Geirdal, Reynir Ragnarsson, Rolf Hansson og Kristinn Björn Einarsson. Þá unnu margir sjálfboðaliðar mikið starf með nefndarmönnum á árinu.

Húsnæði. Á árinu var æfingaskýli byggt upp frá grunni og fullklárað, jafnframt var boltavélin rafvædd og er nú unnt að nota rafræna greiðslumiðla þar. Vélarskemman var öll einangruð að innan og lagður í hana hiti, þannig að vinnuaðstaða er orðin boðleg fyrir starfsfólk yfir vetrartímann. Þá voru salerni í veitingaskála bæði tekin í gegn og búnaður endurnýjaður, auk þess sem nauðsynlegri endurnýjun tækja og búnaðar í eldhúsi var sinnt. Vil ég sérstaklega nefna þá Einar Einarsson og Unnstein Eggertsson í tengslum við þessar framkvæmdir auk fyrrgreindra nefndarmanna og færa þeim miklar þakkir fyrir.

Völlurinn. Byggðar voru nýjar flatir á 15. og 16. braut og 5 nýir teigar á 16. og 17. braut. Jafnframt var lagt vökvunarkerfi bæði fyrir flatir og teiga og var Sævar Stefánsson þar betri en enginn. Brautir voru grófslegnar og lega mótuð, ákveðið hvaða tré skyldu víkja og hvar nýjum plantað. Í haust var efni við götun á öðrum flötum nýtt til að sá í nýjar flatir og teiga og þannig gátum við sparað talsverða fjármuni. Ný braut númer 9 var tekin í notkun í júní og aftari teigur var stækkaður og drenað í kring um hann, en frágangur er enn eftir. Svæðið milli teiga á 15. braut var drenað, stuðlabergssteinar réttir af og færðir til, sandgryfja á æfinga-svæði endurnýjuð og sandgryfjur á 2. 7. 10. og 13. braut voru aflagðar. Þá voru ýmis skilti á vellinum lagfærð eða endurnýjuð og völluminn valtaður í vor annað árið í röð. Allt framan-greint og margt fleira smálegt var unnið með vinnu sjálfboðaliða undir stjórn vallarstjóra.

Fjárfestingar véla og áhald. Á árinu var fjárfest í eftirtöldum vélum og áhöldum:

Flatarsláttuvél, brautarsláttuvél, sláttuvél til að slá karga meðfram trjám, sturtuvagn, kurlari, hillusamstæða í verkstæði og fleira smálegt.

Þegar við bætast áðurgreindar fjárfestingar í 3-4 nýjum brautum, æfingaskýli, innrétting vélageymslu, búnaður og innréttingar í golfskála, og undirbúningsframkvæmdir að sölu hótélreits, svo það helsta sé talið, er það með nokkrum ólíkindum hvað unnt hefur verið að gera um leið og skuldir voru greiddar niður um 10 mkr. á árinu.

Vallarstjóri Daníel Halldórsson með dyggri aðstoð Gunn Apeland og 3-4 annarra sumarstarfsmanna hélt áfram sínu frábæra starfi, sem sést best á þeim stórstígu framförum sem völluminn okkar hefur tekið á síðustu tveimur árum. Þau hjónin hafa unnið langtímaáætlun um framþróun vallarins, sem m.a. byggist á þekkingu sem þau hafa sótt sér á námskeiðum ytra, þannig að ég á ekki von á öðru en að við sjáum markvissa framþróun í gæðum vallarins

áfram. Eitt sem ekki má gleyma er þekking og færni Daníels til að viðhalda og gera við hin ýmsu tæki vallarins og færum við þeim hjónum og öðrum starfsmönnum okkar bestu þakkir fyrir vel unnin störf.

Móta- og íþróttanefnd: Nefndina skipuðu: Einar Einarsson, formaður, Unnsteinn Eggertsson, Sveinn Karlsson, Anna Sigurðardóttir, Ágúst Victorsson og Guðlaugur Guðlaugsson. Katrín Ólöf Ástvaldsdóttir sá um unglíngamót og kennslu.

Alls tóku 720 þátt í 8 mótum samanbúið við 737 árið 2022, auk þess sem minni mót voru haldin á Vordaginn, hið svokallaða Topp 10 mót að hausti, en Áramótið í árslok féll niður vegna veðurs. Flest mótin eru nær fullbókuð, en aðeins mismunandi um lokapátttöku eftir veðri.

Halldórmótið til minningar um Halldór Guðnason var haldið í maí, **Eyvindarmótið** og **MidnightSun Open** var haldið í júní, **Flúðasveppamótið** nefnt eftir samnefndum styrktaraðila, er eitt af elstu mótum GF og ætlað eldri kylfingum, var haldið í júlí, **Toppmótið** styrkt af samnefndum bakhjarli var haldið um verslunarmannahelgina og alltaf uppselt allan daginn. **Opna íslenska grænmetismótið** með afar góða þátttöku og **Réttarmótið** voru haldin í ágúst/ september. Bakhjörllum GF var boðið í Réttarmótið og þeim þakkaður stuðningurinn. Umgjörð mótsins var góð og mikil skemmtun.

Meistaramót GF var haldið 15.-16. júlí og var þátttaka þokkaleg eins og áður, eða milli 50 og 60 manns. Tókst mótið vel og lauk með verðlaunaafhendingu, skemmtun og mat. Klúbbmeistari kvenna varð Halldóra Halldórsdóttir og klúbbmeistari karla Árni Tómasson.

Miðvikudagsmótaröðin, vikulegt innanfélagsmót hélt áfram í sumar og tókst afar vel. Félagsmenn mættu eftir hádegi á miðvikudögum, skiptu sér í fjögurra manna hópa og kepptu með Texas scramble fyrirkomulagi þar sem allir í liðinu lögðu sitt af mörkum. Komu milli 20 og 40 félagar saman í hverri viku, alls 12 sinnum, áttu skemmtilega stund og settust að leik loknum inn í skála og nutu veitinga á sérstöku tilboðsverði. Í lok sumars var svo uppskeruhátíð og verðlaunaafhending. Vil ég hvetja alla félagsmenn til að nýta sér þennan vettvang til að kynna öðrum félögum í klúbbnum. Sérstakar þakkir fær Kjartan Birgisson vegna utanumhalds um þessa mótaröð.

Að því er varðar mótahald og ýmis önnur störf fyrir klúbbinn okkar, er á engan hallað þótt nefnt sé nafn **Einars Einarssonar**, en hann hefur verið okkur ómetanlegur styrkur á fjölmörgum sviðum og eru honum færðar hinar bestu þakkir fyrir, sem og öðrum nefndarmönnum.

Íþróttaiðkun. Árni Þór Hilmarsson íþróttakennari sinnti kennslu unglíngna fimm helgar á síðasta sumri og var þátttaka góð, misjöfn þó eftir veðri. Við höfum haft þá stefnu að bjóða ungmönnum fría kennslu og pizzu á eftir og hefur þetta líkað vel. Síðasta sumar bættum við um betur og höfðum viku námskeið í golfi fyrir unglíngna í samvinnu við Hrunamannahrepp. Námskeiðið hófst með kennslu golfkennara, síðan tóku félagsmenn við og kenndu og léku

með unglíngunum dag hvern og svo lauk námskeiðinu með yfirferð golfkennara og öllum var boðið í pizzuveislu á eftir. Vil ég sérstaklega þakka Katrínu Ólöfu Ástvaldsdóttur fyrir mikið og gott starf í öllu framangreindu auk nýliðakynningar sem áður er getið.

Í júní hélt GF **unglingameistaramót GSÍ** fyrir 14 ára og yngri. Um 100 þátttakendur léku á Selsvelli 3 daga í blíðskaparveðri og tókst mótið í alla staði ákaflega vel, með þátttöku margra sjálfboðaliða frá GF.

GF tók þátt í ýmsum óformlegum mótum á árinu, t.d. við Golfklúbb Selfoss, lið lögreglumanna o.fl., en því miður tókst ekki að manna keppnisveit til þátttöku í mótum GSÍ að þessu sinni.

Á nýju ári 2024 hefur verið samið við Ástráð Sigurðsson PGA golfkennara og félaga í GF að annast golfkennslu og verður aukið við hana frá því sem áður var. Árni Þór óskaði eftir fríi næsta sumarið og kunnum við honum bestu þakkir fyrir samstarfið á árinu 2023.

Kvennagolfnefnd: Nefndina skipuðu Vilhelmina Þ. Þorvarðardóttir formaður, Elín Braga-dóttir, Magdalena Sírý Þórisdóttir, Hallgerður Arnórsdóttir og Margrét Birna Skúladóttir.

Eyvindarmót opið báðum kynjum var haldið 4. júní og tóku 80 kylfingar þátt. Tókst mótið mjög vel og hluti af mótsgjaldi rann til styrktar Björgunarfélaginu Eyvindi, auk þess sem golfklúbburinn bætti við framlagi sem afhent var björgunarsveitinni, alls kr. 100.000.

Nefndin hefur hug á að koma á sérstökum kvennatímum næsta sumar og hvetur allar konur til að taka þátt.

Fjáröflunarnefnd. Fjáröflunarnefnd var stofnuð árið 2011. Meginverkefni nefndarinnar hefur verið að afla tekna með því að selja auglýsingar og afla styrkja hjá bakhjörnum og velunnurum klúbbsins.

Fjáröflunarnefndin fékk samtals 23 bakhjarla til liðs við GF á síðasta ári. Margir bakhjarlanna hafa verið samstarfsaðilar við klúbbinn um árabil og flestir þeirra styrktu hann með fjárframlagi, en nokkrir aðilar í formi vinnu og efnis tengt framkvæmdum á vellinum. Samtals námu loforð bakhjarlanna á árinu 5,6 milljónum króna og hefur aldrei verið meira. Fullyrði ég að framlag nefndarinnar hafi skipt sköpum um kaup á vélum og tækjum og þar með þróun vallarins. Er vert að þakka þeim fyrirtækjum sem stutt hafa við starfsemi klúbbsins á þessum árum, en nöfn þeirra má sjá á stórum skildi á klúbbhúsinu. Þá höfum við notið styrkja frá HSK og Hrunamannahreppi sem við erum þakklát fyrir, sem og árangursríku samstarfi við Ásatúnsklúbbinn sem er með aðstöðu á Selsvelli.

Fjáröflunarnefnd skipuðu: Þórður H. Hilmarsson, formaður, Stefán Franklín, Einar Einarsson, Guðlaugur Guðlaugsson og Hannes Ragnarsson. Þá hefur Ragnar Pálsson verið mjög ötull stuðningsmaður nefndarinnar.

Aga- og forgjafarnefndir. Nefndir þessar starfa með hliðsjón af reglum GSÍ: Aganefnd fjallar um agavandamál keppenda, starfsmanna og áhorfenda vegna opinna móta og móta á vegum GF auk agamála starfsmanna og keppenda á vegum GF vegna annarra móta og keppnisferða sem GF velur þátttakendur í. Málskotsrétt til aganefndar hafa mótsstjórnir, dómarmar, eftirlitsmenn svo og stjórn GF. Heimilt er að skjóta til dómstóls GSÍ úrskurðum aganefndar sem kveða á um keppnisbann í meira en þrjá mánuði eða keppnisbann í fleiri en sex mótum. Að öðru leyti eru úrskurðir aganefndar endanlegir.

Forgjafar-og vallarmatsnefnd fer með framkvæmd forgjafar- og vallarmatsmála. Hún skal úrskurða um öll deilumál sem til nefndarinnar er vísað, eða nefndin tekur upp að eigin frumkvæði vegna forgjafar eða forgjafarkerfisins. Úrskurðum hennar má áfrýja til Dómstóls GSÍ. Hjá GF hefur nefndin einnig látið utanumhald og dómgæslu vegna móta á liðnu ári til sín taka. Þess má geta að Selsvöllur fékk bráðabirgðamat á nýju 9 braut vallarins á árinu.

Engin mál bárust til aganefndar eða forgjafarnefndar GF á árinu. Í nefndunum voru Anna Sigurðardóttir, Karl Gunnlaugsson og Sveinn Karlsson.

Kjörnefnd. Hlutverk nefndarinnar er að tryggja að alltaf sé framboð til stjórnar og annarra trúnaðarstarfa í GF. Kjörnefnd skipa: Eggert Á Sverrisson formaður, Jórunn Lilja Andrésdóttir og Sigurður Oddsson.

Stjórn

Stjórn Golfklúbbsins Flúða hélt 6 formlega fundi á starfsárinu auk nokkurra óformlegra funda. Stjórnina skipuðu Árni Tómasson formaður, Ásgeir Þorvarðarson varaformaður, Hafdís Ævarsdóttir gjaldkeri, Unnsteinn Eggertsson ritari og meðstjórnandi Katrín Ólöf Ástvaldsdóttir. Varamenn voru þau Stefán Franklín og Magdalena Sirrý Þórisdóttir. Kjörnir skoðunarmenn ársreikninga voru þeir Magnús Halldórsson og Pétur Oddsson.

Vil ég færa öllum framangreindum, sem og formönnum nefnda og öðrum nefndarmönnum, sem og fjölmörgum sjálfboðaliðum og velunnurum klúbbsins sérstakar þakkir fyrir vel unnin störf og stuðning á árinu.

Fylgiskjal 1.

Yfirlit yfir helstu samninga sem Golfklúbburinn Flúðir er aðili að:

Almennt um Golfklúbbinn Flúðir. GF er aðili að Golfsambandi Íslands og þar með ÍSí annars vegar og hins vegar að HSK og því starfi sem þar er unnið. GF er eigandi að Selsvelli í nágrenni Flúða og öllum tengdum mannvirkjum. GF er almannaheillafélag sem felur í sér að eini tilgangur félagsins er að stuðla að vexti og viðgangi golfíþróttarinnar á Selsvelli og er öllum hagnaði varið með þetta markmið að leiðarljósi. Eigendur GF eru skráðir félagar í GF hverju sinni og verði félagið lagt niður renna allar eignir þess til sambærilegra almannaheillafélaga á starfssvæði GF eða til sveitarsjóðs.

Samstarfssamningur Hrunamannahrepps og Golfklúbbsins Flúðir var undirritaður 27. maí 2023 og leysti af hólmi samning frá 12. mars 2020. Samningurinn kveður á um að Hrunamannahreppur veiti GF árlegan styrk að fjárhæð 400.000 til að efla barna- og unglíngastarf klúbbsins. Í þessu sambandi skal GF m.a. leggja metnað sinn í að ráða hæfa leiðbeinendur til námskeiðahalds. Ennfremur eru ákvæði um önnur samstarfsverkefni.

Samkomulag um samstarf GF og Golfklúbbs Ásatúns var undirritað í byrjun árs 2021 og leysti af hólmi samkomulag aðila frá 26. nóvember 2016. Fjárhæðir hafa síðan verið endurskoðaðar árlega. Þar kemur fram að Selsvöllur sé heimavöllur GÁS og félagar í GÁS með full réttindi skuli jafnframt verða aðal- eða aukafélagar í GF. Félagsmenn GÁS með takmörkuð réttindi, svokallaðir fjaraðilar, skulu geta notið sambærilegra réttinda á Selsvelli og þeir höfðu á Ásatúnsvelli. Fyrir þessi réttindi skal hver fjaraðili greiða árlega fjárhæð til GF, sem tekur breytingum í samræmi við almennar verðbreytingar ákveðnar á aðalfundi GF.

Leigusamningur vegna landsvæðis á bökkum Litlu-Laxár, í landi Hrafnkelsstaða. GF greiðir landeigendum árlegt gjald kr. 50.000 verðbætt fyrir afnot af landi undir teiga á 13. braut golfvallarins, alls 460 fermetrar. Samningurinn er til 5 ára frá 1/1 2022 og framlengist um 5 ár í senn, segi hvorugur aðili samningnum upp, en uppsagnarfrestur er 2 ár.

Siðareglur. Á aðalfundi 2021 voru samþykktar siðareglur fyrir GF. Megininntak siðareglanna er að áreitni, einelti eða ofbeldi af hvaða toga sem er lýðst ekki hjá GF. Aðilar sem telja á sér brotið geta tilkynnt mál beint til samskiptaráðgjafa íþróttá- og æskulýðsstarfs á vegum ÍSí (<https://samskiptaraðgjafi.is/tilkynningarform>), eða til stjórnar GF sem kemur málinu í réttan farveg.